

**Sp.**

**576. Fyrirspurn**

[226. mál]

til landbúnaðarráðherra um Áburðarverksmiðjuna h/f.

Frá Gíls Guðmundssyni og Birni Jónssyni.

1. Hafa tilraunir til að auka kornastærð Kjarnaáburðar borið árangur?
2. Hafa rannsóknir leitt í ljós, að Kjarnaáburður sé of kalksnauður fyrir íslenskan jarðveg?
3. Eru á því tæknilegir erfiðleikar að auka kalkinnihald áburðarins?
4. Eru uppi ráðagerðir um stækkun áburðarverksmiðjunnar?
5. Hefur farið fram athugun á því, hvort æskilegt þyki og tiltækilegt, að ríkið kaupi eignarhluta fyrirtækja og einstaklinga í verksmiðjunni?
6. Hefur það leitt til sparnaðar að fela Áburðarverksmiðjunni h/f rekstur Áburðar-sölu ríkisins?